

347. Stjórnarfundur LEB – 12. október 2021

Kl. 10:00 – 12:00 – Fundurinn var haldinn á Zoom

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Jóna Sigfúsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir, Þorbjörn Guðmundsson.

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir, Ragnar Jónasson, Ingólfur Hrólfsson

Auk þeirra sátu fundinn: Viðar Eggertsson og Steinunn Valdimarsdóttir frá skrifstofu LEB.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin upp til samþykktar**
Borin upp og samþykkt
- 2. Grái herinn**
Grái herinn var settur á laggirnar af fulltrúum í stjórn FEB á sínum tíma og hugsaður sem baráttuhópur. Til þessa hefur hann ekki haft formlegt rými hjá FEB, né verið skráður sem félag eða deild innan FEB heldur starfað meira sem nefnd innan þess félags. Baráttumál hans sem hafa verið og eru í gangi, koma öllu eldra fólki til góða sama hvort þeir einstaklingar eru í einhverju félagi eldri borgara eða ekki.
Samþykkt var að skrá nafnið Grái herinn sem vörumerki og umsjón með notkun nafnsins í þágu eldra fólks, verði í vörslu LEB.
- 3. Aðgerðir / útifundur vegna fyrirtöku dómsmáls Gráa hersins**
Samþykkt var að skipuleggja útifund Gráa hersins á Austurvelli í tengslum við stjórnarmyndunarviðræður, sem eru í gangi eftir kosningarnar, og til að vekja athygli á aðalmeðferð dómsmáls á vegum Málsóknarsjóðs Gráa hersins.
Samþykkt var að LEB myndi veita styrk í verkefnið að upphæð 500.000 kr.
- 4. Nýtt nafn á LEB**
Hugmynd lögð fram um að gera nafnabreytingu á félögum eldri borgara. Heyrst hefur að það fæli yngra fólk frá að skrá sig í félögin við 60 ára aldurinn með þetta heiti. Fram kom sú hugmynd að heitið 60+ gæti frekar dregið að yngra fólk inn í félögin.
Samþykkt var að skipa nefnd innan LEB sem tekur að sér að skoða málið frekar og skilar niðurstöðu af þeirri umræðu á næsta landsfundi.
- 5. Erindi LEB inn í stjórnarmyndun**
Samþykkt að senda bréf frá LEB til þeirra aðila sem eru í stjórnarmyndunarviðræðum núna eftir alþingiskosningarnar 25. september, til að minna á áhersluatriðin sem LEB hefur kynnt fyrir ráðandi aðilum, stjórnámálönnum og öðrum víðsvegar í þjóðfélaginu, allt frá áramótum og fram að alþingiskosningunum.
- 6. Heilsuefling aldraðra**
Þessum lið frestað.



LEB

Landssamband eldri borgara

7. Upplýsingavefur

Verið er að athuga möguleikann á því að LEB ásamt fleiri aðildarfélögum eldri borgara kaupi virkan upplýsingavef fyrir eldra fólk. Verkefnið er til skoðunar hjá fagfólki varðandi nýtingu, fjármögnunar og rekstrar til framtíðar. Niðurstaða verður væntanlega tilbúin til kynningar á næsta stjórnarfundum.

8. Önnur mál

Þorbjörn kynnti niðurstöðu úrskurðarnefndar TR, varðandi aðferð við hækkun á greiðslu lífeyris frá stofnuninni með greinar í stjórnarskránni í huga, sem hann gerði athugasemdir við fyrir á árinu. Niðurstaðan hefur verið kynnt fyrir lögmanni hjá Magna lögmenntum sem telur raunhæft að skoða málið frekar. Var samþykkt að láta vinna málið áfram til að geta brugðist við innan þess tímaramma sem getið er um í úrskúrði frá TR með frekari athugasemdum. Þær athugasemdir þurfa að komast í hendur valdhafa tímanlega fyrir lokun fjárlaga fyrir næsta ár 2022.

Þorbjörn formaður kjaranefndar LEB lagði til að kjaranefndin, ásamt höfundunum af einhverjum þeim skýrslum sem hafa komið út undanfarið varðandi kjör og aðstöðualdraðra í samfélaginu, myndu halda kynningarfund um þau málefni. Búast má við að því fylgi einhver smá kostnaður og var það samþykkt.

Fundi slitið 11:40

Ritari fundargerðar: Ingibjörg Sverrisdóttir

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum LEB 18.11.2021